# Nýtt tungumál og læsi



**Anna Guðrún Júlíusdóttir**

**agj2061@gmail.com**

**5. janúar 2015**

# Þróun annars máls

- Málið sem lærist á eftir móðurmáli er kallað **millimál.**
- Allir sem læra nýtt mál fara í gegnum sama þróunarstig.
- Er í raun svipað og þegar börn læra móðurmálið en ekki alveg eins.

http://tungumalatorg.is/isa/fr%C3%A6%C3%B0sla/5-millimal-interlanguage/1-6-einkenni-hvers-stigs/

## Sex stig Úrvinnslukenningar Piennemans

### Forsendur

- Nemandinn getur aðeins notað og skilið þær formgerðir (beygingarreglur og setningagerð) markmálsins sem meðfæddur búnaður hans hefur náð tökum á.
- Þannig þarf fyrst að byggja upp orðasafn nýja málsins áður en farið er að reyna við beygingar (merkingarfræðilegar og síðar málfræðilegar).
- Gert er ráð fyrir að reglum sem tilheyra lægra stigi sé náð áður en farið er yfir á næsta stig.
- Mikilvægt er að ná tökum á beygingu orðanna áður en farið er að mynda setningarliði.
- Tilfinning og færni þarf að vera til staðar á setningarliðum og byggingu þeirra áður en farið er að tengja saman liði í setningar og í framhaldi af því að mynda málsgrein sem inniheldur jafnvel aukasetningu.

### Fyrsta stig

- Grunnorðaröð (e. "Invariant forms").
- Orðasafn er byggt upp.
- Nemandinn ber kennsl á og safnar orðum í nýja málinu.
- Kunnátta miðast að mestu við óbeygð stök orð og hlunka (setningar sem eru lærðar utan að: „Góðan daginn).
- Lítið er um sköpun og tilfinning fyrir setningarliðum er ekki til staðar.
- Nemandinn getur ekki myndað setningu byggða á málfræði nýja málsins.

1

http://tungumalatorg.is/ISA 2011/Anna Guðrún Júlíusdóttir

# Hljóðkerfið



# Lestur er ekki meðfæddur eiginleiki




http://www.ruv.is/menning/lestur-er-flokid-fyrirbaeri

# Hljóðkerfið

- Hljóðkerfi er ekki meðfætt.
- Líffræðileg þróun móðurmáls hefst í móðurkviði.
- Þrjú fyrstu árin í lífi barns mikilvægasti tími þróunar málsins.
- Þess vegna eru börn ekki tvítyngd nema þau læri tvö mál samtímis fyrir þriggja ára aldur.
- Eftir þriggja ára aldur eða svo filterast nýja málið í gegnum þekkingu sem er til staðar í móðurmáli.
- Þess vegna er betra að læra nýtt mál þegar barn er búið að ná góðum tökum á móðurmálinu – það er á unglingsárunum!

# Hvað eigum við þá að gera?

- Hugsa um það hvernig barn lærir tungumálið.
- Því meira “input” sem barnið fær því meira lærir það.
- Kenningin er sú að ef við kennum orð orð orð orð og aftur orð þá þróist málfræðin sjálfkrafa því við höfum málfræðikerfið innbyggt.

# Pienneman

## Sex stig Úrvinnslukenningar Piennemans

### Forsendur

- Nemandinn getur aðeins notað og skilið þær formgerðir (beygingarreglur og setningagerð) markmálsins sem meðfæddur búnaður hans hefur náð tökum á.
- Þannig þarf fyrst að byggja upp orðasafn nýja málsins áður en farið er að reyna við beygingar (merkingarfræðilegar og síðar málfræðilegar).
- Gert er ráð fyrir að reglum sem tilheyra lægra stigi sé náð áður en farið er yfir á næsta stig.
- Mikilvægt er að ná tökum á beygingu orðanna áður en farið er að mynda setningarliði.
- Tilfinning og færni þarf að vera til staðar á setningarliðum og byggingu þeirra áður en farið er að tengja saman liði í setningar og í framhaldi af því að mynda málsgrein sem inniheldur jafnvel aukasetningu.

### Fyrsta stig

- Grunnorðaröð (e. "Invariant forms").
- Orðasafn er byggt upp.
- Nemandinn ber kennsl á og safnar orðum í nýja málinu.
- Kunnátta miðast að mestu við óbeygð stök orð og hlunka (setningar sem eru lærðar utan að: „Góðan daginn).
- Litið er um sköpun og tilfinning fyrir setningarliðum er ekki til staðar.
- Nemandinn getur ekki myndað setningu byggða á málfræði nýja málsins.



http://tungumalatorg.is/ISA 2011/Anna Guðrún Júlíusdóttir

# Hvernig þjálfum við nýtt hljóðkerfi?



# Þjálfa vöðvana í eyranu með hlustun







http://fjolmenningarvefur.net/slodir.htm

# Íslenskt barnaefni á netinu

- barnaefni.is/
- http://www.ruv.is/born
- ruv.is/barnaefni
- http://www.ruv.is/sarpurinn/flokkar/born
- umferd.is/katagata/game.html
- umferd.is/leikir.html
- paxel123.com
- efni.skolavefurinn.is/_opid/_valmynd/almennt/leikir/index.htm
- nams.is/krakkasidur
  vefir.nams.is/alfur/index.htm
  vefir.nams.is/heimurinn/heimurinn/index.html
- travlang.com/languages

# MYNDIR - HLJÓÐ – TÁKN

## Alþjóðlegar myndir fyrir stafrófið – fé og él og ær langt frá reynsluheimi margra nemenda






# Tengsl hljóða við tákn- bullorð

Lestrarátak eftir Helgu Sigurjónsdóttur fæst í A4






1. verkefni

**Skrifaðu stafina sem tákna hljóðin sem kennarinn segir:**
O, u, ó, ú, á, a, ö, i, í, y, ý, e, ei, l, m, s, n.

**Lestu tvisvar:**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1. | os | oss | só | soll |
| 2. | us | uss | sú | sull |
| 3. | lo | ló | lol | loll |
| 4. | nón | món | non | mon |
| 5. | lys | lyss | lýs | lón |
| 6. | oll | loll | moll | noll |
| 7. | öl | öll | önn | mönn |

Olla, Solla, vola, væla, Nalli, næla, Anna, Nína, Nonni, Kalli, Kolur, koma, kanna, sokkur, sekur, sekkur, Lolla, Lilla, Lalli,

**Lestu og skrifaðu eftir upplestri:**
Os, oss, ós, ol, oll, ól, sas, sass, siss, Olla, sili, Silli, ösi, Össi, ul, ull, án, onn, unn, Sunna, Solla, Sóla.

# Að þjálfa orðaforða, hljóð og tákn með myndum og orðmyndum




Á sérstaklega við ef nemendur eiga í vanda með að ná hljóðlestrinum – þeir fá ekki “input” í gegnum lestur og verða því að fá myndir og orðmyndir með.

# Að tengja hljóð og tákn með hjálp mynda






# Að tengja hljóð og tákn með hjálp orða



# Táknin – Stafrófið þjálfun

Að skrifa stafi eftir upplestri / skimun

Íslenskir stafir nemendi skrifar stafi sem kennari les upp    Early Step    Anna Guðrún Júlíusdóttir

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| a | e | i | o | u |
| y | p | í | m | g |
| ú | k | b | l | á |
| n | s | r | v | t |
| é | f | ð | ó | h |
| j | d | þ | x | ý |
| æ | ö | | | |
| au | ey | ei | | |

Að tengja há- og lágstafi

Tengið litla stafi við stóra stafi.

| | |
|---|---|
| þ | M |
| i | I |
| au | Þ |
| m | H |
| b | Au |
| h | A |
| a | B |
| ö | É |
| é | Y |
| ý | Ö |
| ó | Ý |

Anna Guðrún 2013

Upphafsstafir mínir:__________

# Stafrófið þjálfun



# Myndabanki

Nemendur þurfa að þekkja myndirnar vita hvað orðið er



# Ljósrit alltaf aðgengileg



# PWIM



# PWIM




Skemmtileg og skapandi leið til að efla orðaforða og vinna með orð og orðhluta.

http://www.ascd.org/publications/books/199025.aspx

# Myndskeið PWIM

- https://www.youtube.com/watch?v=Q90PYy0rg6c um 40 mínútur
- https://www.youtube.com/watch?v=hxTmXI8r3IE um 40 sek.

# Hvað er *P*icture *W*ord *I*nductive *M*ethod (PWIM)?

- Aðferð þar sem notaðar eru myndir sem innihalda kunnuglega hluti.

- Hvetjandi og skýr ferli í kennslu.

- Byrjar á því sem nemendur kunna.

- Virðir getu þeirra til að hugsa.

- Styrkleikinn felst í hljóðum, málfræði, stafsetningu, málnotkun, samræðu, framburði.

# PWIM ferlið

- Nemendur skoða mynd.
- Benda á það sem þeir sjá svo kennarinn geti skrifað orðið.
- Lesa og skoða orðin sem kennarinn skrifar.
- Nota myndina og orðin til gera eigin orðabanka og æfa sig að lesa.
- Flokka orðin.
- Þróa titla, málsgreinar og efnisgreinar

# Að þjálfa lestur og orðaforða




Stór mynd á karton – nemendur velja orð út frá myndinni og stafsetja orðið með aðstoð kennara sem skrifar orðið.

# Að þjálfa stafsetningu

Nemandi í 2. bekk  búinn að vera eina önn á Íslandi






http://digital.library.pitt.edu/v/visuals/




http://www.picto.qc.ca/

# Mynd fyrir PWIM



# Mynd fyrir PWIM



# Mynd fyrir PWIM



# Mynd fyrir PWIM





# Að vinna með orðin- flokkun

**Hljóðkerfið:** Hvaða orð hafa ú … / hvaða orð hafa tvo eins stafi saman/
**Bygging orða:** Rót, kyn/tíð og endingar, fleirtala og samsett orð.
**Hljóð:** Atkvæði, sérhljóðar, rím.

Mikilvægt er að kennarinn sýni hvernig hægt er að flokka orðin.



# Kyn og beygingar orða

[http://bin.arnastofnun.is/](http://bin.arnastofnun.is/)

**Hvaða kyn?**

**karlkyn** **kvenkyn** **hvorugkyn**

síðustu stafir í kk orði oft:

**-i -ur -ll -nn -r -ir**

síðustu stafir í kvk orði oft:

**-a -un -ing**

síðustu stafir í hk orði oft: **-að -ð**

oft stutt orð með einu sérhljóði

oft stutt orð með –ð inní orði

oft orð úr ensku eða öðrum málum

Nafnorð: Hvaða kyn? Skoða hvaða stafir eru síðastir í orðinu í eintölu.

| -ur | -a | -ið -ð |
|---|---|---|
| | | |



Anna Guðrún September 2013

# Flóknari vinna

- Nemendur finna sjálfir út flokkun á orðunum og gefa flokkuninni nafn.

- Búa til setningar tveir og tveir saman og gera eyðufyllingarverkefni og leggja fyrir aðra nemendur.



Nafn: ____________________

Krakkinn horfir á sjónvarpið.

Það er videó ofan á sjónvarpinu.

Amma heldur á fjarstýringunni og hún vill skipta um stöð í sjónvarpinu.

Í hillunni eru bækur.

Á hillunni er bók sem strákurinn ætlar að lesa.

Amma situr í ruggustólnum.

Amma ruggar sér í ruggustólnum.

Sófinn er á gólfinu.

Amma ætlar að setjast í sófann því henni finnst ekki gott að sitja í stólnum.

Amma drekkur kaffi.

Krakkinn borðar poppkorn.

Neðst í skálinni er poppmaís sem

Blóm han

Það er bo

Það er tafl

Amma og kr

Á píanóstóln

Stelpan spila

Það er bók á

Hjá píanóinu s

Krakki les bók.

# Eyðufylling - góð lestrarþjálfun


Nafn:

Vetur

1. Það er ______________________.
   *vetur sumar*
2. Það er ________________________.
   *rigning sól*
3. _______________________ er fastur í snjónum.
   *Kötturinn Hundurinn*
4. Strákurinn er að búa til ____________________________.
   *engil kökur*
5. Það kemur ____________________ úr ______________________.
   *eldur reykur* *húsinu trénu*
6. ____________________ er flottur.
   *Snjókarlinn Apinn*
7. Afi er með ______________________.
   *glas skegg*
8. Stelpan er með ______________________.
   *húfu ís*
9. Allir eru í ________________________.
   *fílu skóm*
10. ________________________ er fyrir framan sólina.
    *Skýið Skórinn*
11. Það eru greinar á ___________________________.
    *trjánum sólinni*



**Fleiri svona verkefni unnin af kennurum:**

[http://tungumalatorg.is/isa/fra-kennurum/](http://tungumalatorg.is/isa/fra-kennurum/)

# Orðaforði



# Dr. Anne R. Vermeer

- **Tvítyngd börn þurfa að læra 1500 ný orð á ári fyrstu 3 árin**



- **3000 orð á ári eftir það.**
- **Markviss kennsla orðaforða skiptir meginmáli.**

# Mikilvægi beinnar kennslu orðaforða



# Orðaforði í verkgreinum



# Að velja orð úr bók - upplestur

http://tungumalatorg.is/isa/files/2011/09/Markviss_ordafordakennsla_fyrir_allan_bekkinn.pdf

- Töfraorð

úr Bita-kisu



# Töfraorð

Rata

# Ratar ekki



# Töfraorð

Flækingsköttur

# Flækingsköttur



# Flækingskettir



# Töfraorð

Húsaskjól

# Húsaskjól



# Húsaskjól



# Húsaskjól



http://tungumalatorg.is/isa/files/2011/09/Markviss_ordafordakennsla_fyrir_allan_bekkinn.pdf

# Töfraorðin: Aðferð

- Ég vel fimm orð úr sögubókinni og segi nemendum að þetta séu töfraorðin í sögunni, (ath. að töfraorðin taka breytingum í textanum en ég ræði það ekki sérstaklega því þau átta sig á því og rétta upp hönd þegar töfraorðið er lesið upp í alls konar myndum).
- Áður en ég les söguna ræðum við um töfraorðin út frá myndunum og tengjum við reynsluheim nemendanna.
- Við komum okkur saman um munnlega skilgreiningu.
- Á meðan ég les söguna hlusta nemendur eftir töfraorðunum og rétta upp hönd þegar þeir heyra töfraorð.
- Ég vel nemanda sem útskýrir munnlega hvað orðið þýðir.

# Til að festa orðin í minni er mikilvægt að vinna með þau eins og sést hér.

Skrifið hugtakið - box 1

Hreindýr

Lýsið hugtakinu með eigin orðum - box 2

Hreindýr er dýr sem líkist kú (kýr). Hefur fjóra fætur, hefur ekki langan hala, 2 horn á höfðinu sem líkjast trjágrein, étur gras, er brúnt og grátt á litinn.

Gerið skissu sem lýsir hugtakinu - box 3



Semjið setningu með orðinu í box 4 og tengið við eigin reynsluheim

Þegar ég var lítil þá var alvöru horn af hreindýri upp á vegg heima hjá mér.

# Nemendur sem ekki kunna að skrifa á íslensku geta notað móðurmálið.

Skrifið hugtakið á íslensku og á móðurmálinu - box 1

Hreindýr

驯鹿

Lýsið hugtakinu með eigin orðum á móðurmálinu - box 2

驯鹿是一种动物，看起来像一头牛。

它有四条腿，没有长长的尾巴，

在他的头上像树木两角，

吃的是草就是褐色和灰色的颜色

Gerið skissu sem lýsir hugtakinu - box 3



Semjið setningu á móðurmálinu með orðinu og tengið við eigin reynsluheim – box 4

我小的时候它是驯鹿的墙壁上，

在家里我一个真正的号角。

# Ritun



# Þróun stafsetningar

- Fyrsta skrefið: Skrifa eftir sjónminni að þykjast skrifa (teikna stafi – "teikna" nafnið sitt", ekkert samband á milli stafa og hljóða

- Tengja svo stafi við hljóð – ritunin byggist í auknu mæli á hljóðgreiningu
Nemendur í 1.-3. bekk stafsetja orð því aðallega eftir framburði

- Fara smám saman að gera sér grein fyrir að stafsetning orða ræðst af fleiru en framburði. Beyging, uppruni, venja/hefð. Ná smám saman valdi á rithefð tungumálsins

# Dæmi frá nemendum –

- Ég var að gera samlóku.
- Ég fór í ifroktir.
- Í fesa tima. Vað far got :D Evrópskir foreldrar 2 ára skólaganga
- Ég og *Lilja* var að rífast því að hún villt fara í róló mér finnst það leiðinlegt og smábarnalegt. Frá Asíulandi búin að vera hér í 1 og ½ ár íslenskur fósturpabbi sem gerði miklar kröfur til íslenskunáms – íslenskt málumhverfi
- Ég í gær nema ég kum hæm ég var að pikjað Legodót sem min mamma gav mér. Evrópskir foreldrar búin að vera hér í 1 og ½ ár

# Ritun

- Mikilvægt að nemendur þjálfist í að skrifa frá eigin brjósti - ekki leiðrétta það þarf kjark til að byrja að skrifa

- Hægt að nota sem greiningartæki, hvað þarf að þjálfa hjá nemandanum?

# Að þjálfa táknin á lyklaborðinu

- http://www.vigfusina.is/lestrarb/minutan/forsida.htm



1

**Börnin og skólinn**

Þegar Haukur litli var sjö ára, sagði afi við hann: „Öll börn þurfa að læra, þegar þau eru sex ára fara þau í skóla. Skólinn er hús, og sá sem kennir þeim heitir kennari. Bækurnar sínar hafa börnin í skólatöskunni og eiga að fara vel með þær. Í skólanum þurfa þau að nota pappír, blýant, penna, pennastöng og strokleður o.fl. Allir þurfa að vera stundvísir og fylgja skólareglunum. Það er gaman að vera duglegur að læra, en um fram allt eiga börnin að vera skyldurækin og háttprúð."

1. Til hvers eru skólar?
2. Hvað þurfa börnin að hafa með sér í skólann ?
3. Hvernig á gott skólabarn að vera?

# Orðahjól



Búðu til setningu með orðinu
Stafaðu orðið
Skrifaðu orðið
Gefðu þrjár vísbendingar um orðið
Útskýrðu orðið
Teiknaðu orðið
1
2
3
4
5
6

# Orðahjól: Útfærsla

- Orðabanki (orð í krukkur/umslagi) er endalaus uppspretta fyrir leiki.
- Orðahjól gefur ýmsa möguleika á að vinna með orð til að festa þau í minni.
- Orð er dregið úr orðabanka, teningnum kastað.
- Ef viðkomandi svarar rétt fær hann orðið, þannig safna nemendur orðum og sá vinnur sem fær flest orð.
- Hægt er að teikna hjólið á töfluna og skrifa möguleikana inn í hólfin með aðstoð nemenda.
- Hægt er að búa til risahjól sem liggur á gólfinu eða borði.
- Hægt er að vinna með tvö lið og þá er einn stjórnandi eða tveir og tveir vinna saman og skiptast á.

# Ýmsar slóðir

- http://fjolmenningarvefur.net/index.htm
- http://tungumalatorg.is/isa
- http://tungumalatorg.is/katla

**Myndir**

- http://pics4learning.com/
- http://www.picto.qc.ca/
- http://digital.library.pitt.edu/v/visuals